

Mánudaginn 25. marz 1946.

Nr. 7/1946. **Valdstjórnin** (Hrl. Gunnar Þorsteinsson)  
gegn

**Agnari Stefánssyni**  
(Hrl. Gústaf A. Sveinsson).

Brot gegn 1. og 3. mgr. 23. gr. laga nr. 23/1941 um bifreiðar.

### Dómur hæstaréttar.

Sigurður M. Helgason, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Kærði gekk mjög ölvaður til svefnis kl. 3 aðfaranótt 22. ágúst, svo sem lýst er í héraðsdómi. Klukkan 7 um morguninn reis hann úr rekkju og ók áætlunarbifreiðinni A 207 skömmu síðar frá Hjalteyri til Akureyrar og síðan um Akureyrarbæ og áleiðis til Hjalteyrar aftur. Telja verður víst, að kærði hafi við þenna akstur vegna fyrirfarandi neyzlu áfengis verið svo miður sín, að varði við 3. mgr. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941.

Fyrir hádegi sama dag keypti kærði á Akureyri tvær flöskur af sterku víni, og tók hann að aka bifreiðinni í beinu framhaldi af því, að hann hafði neytt nokkurs af áfengi þessu. Varðar það brot hans við 1. mgr. 23. gr. sömu laga. Refsing kærða þykir samkvæmt 38. gr. bifreiðalaganna hæfilega ákveðin 800 króna sekt til rikissjóðs, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber og samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna að svipta kærða leyfi til að stjórna bifreið 6 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar staðfestist. Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 400 krónur til hvors.

### D ó m s o r ð:

Kærði, Agnar Stefánsson, greiði 800 króna sekt til rikissjóðs, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar,

verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann skal og sviptur ökuleyfi 6 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars Þorsteinsonar og Gústafs A. Sveinssonar, 400 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### Dómur lögregluréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar 4. des. 1945.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað með stefnu, útgefinni 15. október s. l., gegn bifreiðarstjóra Agnari Stefánssyni, til heimilis Norðurgötu 19 hér í bæ, fyrir brot á bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941, umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941 og áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 26. marz 1909 í Spónsgerði í Möðruvallasókn. Hann hefur aldrei áður sætt kærú eða refsingu fyrir neitt brot, svo vitað sé.

Atvik málsins eru þessi:

22. ágúst s. l. voru lögregluþjónarnir Steinþór Ásgeirsson og Ásgeir Kröyer, báðir frá Reykjavík, og Gísli Ólafsson héðan úr bænum á leið út á Hjalteyri í bifreið. Á veginum ofan við Bragholt, sem er skammt ofan við Hjalteyri, hafði bifreiðin A 207 numið staðar. Bifreiðarstjóri hennar var Agnar Stefánsson, kærði í máli þessu. Þrjú farþegar voru í bifreiðinni. Hugðust lögregluþjónarnir athuga, hvort bifreiðarstjórinn færi eftir reglum sérleyfishafa, en þá kom í ljós, að hann var undir áhrifum áfengis, að því er lögregluþjónarnir telja. Viðurkenndi hann þá að hafa verið ölvaður kvöldið áður og fram eftir nóttu og einnig að hafa neytt nokkurs áfengis þá sama daginn. Tóku þeir hann með sér og fluttu hann á lögreglustöðina á Akureyri, og tók héraðslæknirinn þar úr honum blóðsýnishorn.

Kærði hefur skýrt frá því fyrir réttinum, að hann hafi verið mikið ölvaður um kvöldið og nóttina áður og eigi farið að sofa fyrr en um kl. 3 um nóttina. Eigi segist hann þó hafa ekið bifreiðinni neitt þá og hefur eigi á annan hátt upplýst, að svo hafi verið. Kl. 7 um morguninn lagði hann á stað til Akureyrar í bifreið sinni. Segist hann þá ekki hafa neytt neins áfengis og enga ölvun fundið á sér. Fyrir hádegi þenna dag kaupir kærði eina flösku af „gin“ og eina flösku af „whisky“ í útsölu áfengisverzl-

unar ríkisins á Akureyri. Fundust báðar þessar flöskur í bílnum hjá kærða og voru sýndar í réttinum, og hefur kærði viðurkennt, að það væri hans flöskur. Var þá „gin“flaskan tæplega hálf, en um  $\frac{1}{8}$  eftir í hinni flöskunni. Hefur kærði viðurkennt að hafa drukkið verulegan hluta þess, sem búíð var úr „whisky“ flöskunni, en gefið kunningjum sínum nokkuð af því.

Kærði vildi fyrst í stað eigi kannast við, að hann ætti „gin“-flöskuna, en síðar viðurkenndi hann, að hann ætti hana líka. Um hana hefur það upplýstst, að hann lét annan mann, Kristján Magnússon, fá 1 pela úr henni, og hefur Kristján þessi verið leiddur sem vitni í málinu og skýrt frá því, og jafnframt hefur hann borið, að áður en hann fékk úr henni, hafi verið í henni upp í axlir. Var því dálítið búíð að taka úr henni, og er því líklegt, að kærði hafi verið búinn að drekka eitthvað úr henni, en hann hefur algerlega neitað, að svo hafi verið. Kærði segist einskis áfengis hafa neytt eftir kl. 2 um daginn til kl. 4, að hann lagði af stað út eftir, né heldur á leiðinni. Þá hefur hann viðurkennt að hafa fundið á sér lítils háttar breytingu, eftir að hann drakk úr flöskunni.

Vitnin Geirlaug Konráðsdóttir og Baldur Halldórsson, sem fóru með kærða út í Arnarneshrepp þenna dag, hafa bæði borið, að þau hafi enga ölvun séð á kærða eða séð neitt í fari hans, sem bent gæti til þess.

Hins vegar hefur vitnið Steinþór Ásgeirsson borið, að hann hafi verið „merkjanlega áberandi ölvaður“. Hann hafi verið slappur og þrútin í andliti, augun sljó og málfarið þvöglulegt, og enn fremur segist þetta vitni hafa fundið af honum vinlykt. Þá hefur vitnið Gisli Ólafsson, lögregluþjónn, sem var með áðurnefndum Steinþóri, borið það, að kærði hafi verið undir áhrifum áfengis. Við rannsókn héraðslæknisins á blóðsýnishorni því, sem tekið var úr kærða, reyndist alkóhól vera 1,21‰.

Áfengismagnið í blóðinu er ekki svo mikið, að því er fræðimenn telja, að vist sé, að kærði hafi verið undir áhrifum af því, en miklar líkur eru þó til, að svo hafi verið samkvæmt niðurstöðum þeirra. En þegar játning hans um áfengisneyzlu og að hann hafi fundið til ölvunar, nokkru áður en hann lagði af stað í ferðina til Hjalteyrar, og upplýst er, að hann ók nokkuð um bæinn, áður en hann lagði af stað í þessa ferð, er athugað svo og vitnisburður hinna tveggja lögregluþjóna, sem athuga manninn gaumgæfilega með tilliti til þessa, þá verður að telja sannað, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis. Enn fremur er það sannað með játningu kærða, að hann hafi neytt áfengis við bifreiðarakstur. Taka ber tillit til þess, að kærði ók áætlanarbifreið til mannflutninga.

Samkvæmt framansögðu verður að telja fullsannað, að kærði í máli þessu, Agnar Stefánsson, hafi gerzt sekur um brot á bif-

reiðalögum nr. 23 16. júní 1941, 23. gr., sbr. 38. og 39. gr., umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941, 4. gr. sbr. 14. gr., og áfengislögum nr. 33 9. jan. 1945, 21. sbr. 39. gr. Þykir refsing sú, sem hann hefur unnið til, hæfilega ákveðin 10 daga varðhald. Þá ber og að svipta hann leyfi til að aka bifreið í 3 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa. Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

**Þvi dæmist rétt vera:**

Kærði, Agnar Stefánsson, sæti 10 daga varðhaldi.

Hann skal svipta leyfi til að aka bifreið í 3 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kr. 200.00 málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Sveinsonar hdl.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 27. marz 1946.

Nr. 88/1945. **Vigfús Pálmason** (Hrl. Gunnar Þorsteinsson)  
gegn

**Ragnari Guðmundssyni**

(Hrl. Eggert Claessen).

Innsetning í leigt húsnæði.

**Dómur hæstaréttar.**

Kristján Kristjánsson borgarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 19. júlí 1945. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Með úrskurði fógeta 14. júlí 1944 var stefnda gert að rýma íbúð sína í húsi áfrýjanda. Hinn 20. s. m. fór áfrýjandi úr